

Skipting framleiðslueininga í búsvæðamati fyrir laxaseiði í Miðfjarðará eftir jörðum

Bjarni Jónsson
Hjalti Þórðarson

Unnið fyrir Veiðifélag Miðfjarðarár

Sauðárkróki, janúar 2017
NNV/1701

Náttúrustofa Norðurlands vestra
Aðalgata 2, 550 Sauðárkrókur

Inngangur

Á undanförunum árum hafa verið þróuð búsvæðamöt til að áætla gildi einstakra árhauta fyrir uppeldi seiða laxfiska. Byggja þau á samsetningu og stærð botnefna þar sem gefin eru mismunandi framleiðslugildi fyrir hvern flokk botnefna. Ánum er svo skipt upp í lengri eða skemmri kafla eftir botngerð þeirra og svo gerð kaflaskil þar sem samsetning botnefna breytist. Framleiðslugildi á þessum skilgreindu árhautum ásamt flatarmáli botnflatar ráða því svo hversu margar framleiðslueiningar teljast á hverjum þessara árkafla. Samanlagðar framleiðslueiningar á öllum árköflum segja svo til um gæði vatnakerfis í heild sinni til uppeldis seiða og ætlaðrar sameiginlegrar framleiðslugetu. Framleiðslugildi með tilliti til botnefna eru mismunandi á milli tegunda eins og laxaseiða og bleikjuseiða.

Búsvæðamöt eru ákveðin nálgun á að áætla gæði einstakra árkafla fyrir uppeldi seiða, en takmarkast við einkunnagjöf byggða á hlutföllum einstakra botnefna. Framleiðslugildi fyrir gerðir botnefna voru þróuð á nokkurra ára tímabili og þá einnig horft til þess hvernig svæði voru raunverulega að nýtast seiðum til uppeldis, með því að bera saman botnmöt og niðurstöður rafveiða á seiðum. Lítið hefur farið fyrir þróunarstarfi á þessu sviði um tíma og nýrri búsvæðamöt stuðst við eldri staðla. Almennt gefa búsvæðamötin nokkuð góða mynd af raunverulegum gæðum einstakra árkafla til uppeldis seiða. Þau taka hinsvegar ekki á mikilvægum atriðum sem einnig geta skipt máli fyrir uppeldi seiða laxfiska og hvernig þeim reiðir af á ákveðnum æviskeiðum. Samsetning botnefna ræðst nokkuð af landhalla, straumlági og hraða, dýpi ásamt vatnsmagni. Þó geta verið á því undantekningar og kaflar með sambærilega botngerð nýst misvel til uppeldis seiða vegna þess að aðrir þættir í umhverfinu eru misákjósanlegir. Hæð yfir sjávarmáli getur einnig farið að skipta máli þar sem það á við því árferði getur verið annað á hálendi en láglandi. Ósasvæði áa geta haft mikilvæga þýðingu fyrir laxfiska á ákveðnum æviskeiðum sem ekki kemur fram í hefðbundnum búsvæðamötum. Það er því margt sem mælir með því að haldið verði áfram að þróa aðferðafræði búsvæðamata og freista þess að tengja þau jafnvel enn fleiri þáttum sem geta haft þýðingu fyrir viðgang fiskistofna í fjölbreyttum árkerfum víða um land.

Búsvæðamat í núverandi mynd er eina kerfið sem er fyrir hendi til að meta og reikna út gildi einstakra árhauta og vatnasvæða með tilliti til seiðauppeldis. Reynslan hefur sýnt að góð fylgni er á milli gæða árkafla í búsvæðamati og raunverulegs seiðauppeldis á sömu stöðum. Kerfið var þróað af erlendri fyrirmynd í fiskifræðilegum og fiskræktarlegum tilgangi og byggir á mælanlegum og reiknanlegum stærðum og því huglægu mati haldið í lágmarki. Í því felst mikill styrkur, sérstaklega þegar farið er að nota búsvæðamötin við arðskrárgerð áa. Í þeim útreikningum og greiningum sem hér fara á eftir er framleiðslueiningum úr búsvæðamati á vatnasvæði Miðfjarðarár skipt niður á jarðir eftir hlutdeild þeirra. Fjallað er um forsendur þeirra útreikninga í aðferðafræðikafla.

Aðferðir

I. Botnmat, bakkalengd og jarðargildi

Botnmat og framleiðslugildi

Mat á búsvæðum laxaseiða á vatnasvæði Miðfjarðarár fór fram haustið 2002 (Eik Elfarsdóttir, Friðþjófur Árnason og Bjarni Jónsson 2003, VMST-N/0302). Við útreikninga sem hér eru gerðir á framleiðslueiningum sem fylgja hverri jörð og hlutdeild þeirra af heild fyrir vatnasvæðið, er byggt á flokkun og samsetningu botnefna á einstökum árköflum í þeirri skýrslu, mælingum á árbreidd og sömu einkunagjöf fyrir flokka botnefna. Þá er unnið útfrá hnitum í skýrslunni fyrir kaflaskil. Hér er stuðst er við botnmat fyrir fiskgenga hluta fyrir eftirtaldar ár á vatnasvæðinu sem eiga það sameiginlegt að þar fer reglulega fram náttúruleg hrygning laxa; Austurá, Núpsá, Vesturá, Miðfjarðará, Urriðaa og Svertingstaðaa/Steinstaðaa. Vísast hér til skýrslunnar varðandi grunngögn og forsendur sem unnið var útfrá við búsvæðamatið á sínum tíma.

Bakkalengd og lengd ár

Sú hnitsetning sem fyrir liggur hjá veiðifélaginu á landamerkjum er hér notuð til að skipa niður framleiðslueiningum á jarðir. Bakkalengd er enn fremur í nýjustu gögnum reiknuð mjög nákvæmlega eftir bestu fáanlegum loftljósmyndum sem nú eru til af svæðinu. Í þessu tilviki eru notaðar myndir frá Loftmyndum ehf. teknar sumarið 2010. Góðar myndir auðvelda þá vinnu og er hægt að fylgja bakka á ný mjög nákvæmlega. Það á þó ekki við um dýpstu gljúfrin þar sem birta nær ekki nógu vel til botns. Þar sem ánni er fylgt og nánast hver smásveigja er tekin inn fæst mjög nákvæm bakkalengd. Ef bornar eru saman samanlagðar lengdir um árlengd eftir þessum myndum annars vegar og skýrslu Veiðimálastofnunar frá 2003 hins vegar, munar mjög miklu. Fyrir því er fyrst og fremst sú ástæða að í skýrslu Veiðimálastofnunar er áin dregin upp eftir kortum Landmælinga í mælikvarða 1:50000 sem jafnast eðlilega ekki á neinn hátt á við bestu myndir í dag. Smærri sveigjur á ánni eru einfaldlega ekki á þeim kortum og jafnvel ekki á alveg réttum stöðum. Einnig er eðlilega lína dregin eftir miðju ár mikið styttri en lína dregin eftir hlykkjóttum bökkum hennar.

Jarðargildi

Útreikningur á gildum fyrir hverja jörð/jarðarpart, hér kallað **jarðargildi**. Við núverandi útreikninga á jarðargildi er reiknað með eftirfarandi hætti. Jarðargildi = Bakkalengd viðkomandi jarðar/jarðarparts x framleiðslugildi viðkomandi búsvæðis x breidd viðkomandi búsvæðis x hlutfall jarðar í ánni.

Bakkalengd og breiddin á hverju búsvæði er notuð til útreikninga fyrir hverja jörð. Geta því margar jarðir lent á sama búsvæði og eru þá alls staðar notaðar sömu tölur til útreikninganna, þ.e. framleiðslugildi og breidd. Eins getur sama jörð/jarðarpartur lent inn á mörgum búsvæðum. **Bakkalengd** er sú vegalengd sem fellur innan hvernar jarðar/jarðarparts þar sem sama

framleiðslugildi er. **Framleiðslugildi** vatnasvæðisins í skýrslu Veiðmálastofnunar frá 2003. **Breidd** árinna á hverju búsvæði er metið í skýrslu Veiðmálastofnunar og þá sem einhverskonar meðaltal á viðkomandi búsvæði. **Hluttur** jarðar/jarðarhluta í á. 0,5=jörð/jarðarhluti á að lágmarki í miðja á. Líka þær jarðir/jarðarhlutar sem eiga hólma og bætist þá sérútreikningar fyrir hólma við. 0,3= hólmasvæði, jörð/jarðarhluti á ekki hólma í ánni, 0,1= hólmi. Bakkalengd hólma allan hringinn notað sem margföldun.

Samkvæmt þessum útreikningi þá lendir meginhluti jarðargilda eftir bakkalengd jarðanna við aðalárna: Eftir aðalám, Miðfjarðará, Austurá, Vesturá, Núpsá 95,2%. Vegna hólma 3,8%. Vegna þveráa 1,0%.

II: Búsvæði fyrir hverri jörð

Landamerki jarða

Sátt er um landamerki jarða og eru þau GPS mæld (kerfi Ísnet93) og sýnd í hnitskrá. Sú vinna var unnin í samvinnu við landeigendur af hálfu Veiðfélagsins. Þessi hnit voru öll keyrð inn á kortagrunn til að geta sett landamerki á réttan stað til útreikninga á bakkalengd. Hér eru notuð gögn sem til staðar voru hjá Veiðifélagi Miðfjarðará.

Skipting milli jarða sem liggja beggja vegna ár

Almennt er 50/50 hlutfall, 0,5 á hvora jörð ef landamerki jarða liggja klárlega í miðja á. Ef landamerkjaskrá getur ekki um að jörð eigi einhvern hólma í ánni teljast merki vera í miðri á.

Hólmar

Ef í landamerkjaskrá jarðar stendur að jörð eigi hólma í á og hann nær klárlega yfir miðlínu ár eða að vatnsmagn er meira en helmingur sem rennur jarðarmeginn við hólmann þá gildir sú regla að bakkalengd gildir 0,5 hluttur og bakkalengd hólma gildir 0,1 hluttur. Gildir þá að jörðin á móti sem á þá minnihluta í ánni fær hlutinn 0,3. Með því að meta bakkalengd hólma sem liggja að fjærlandi jarða er verið að taka tillit til þess að þær fái stærri hlut í jarðargildum en ef merkin væru í miðri á. Erfitt er að meta hvað eru klárlega hólmar. Farið er eftir skrá yfir hólma sem Veiðifélagið hefur látið gera. Eftir að árnar hafa sameinast og myndað Miðfjarðará flæmist áin víða og breytir farvegi sínum nokkuð milli ára. Vafaatriðin eru helst þau hvað teljast til hólma og hvað ekki. Hólmur gæti talist sá sem er að mestu gróinn og þar af leiðandi flæðir ekki að jafnaði yfir hann. Flestallir eða allir hólmar geta lent undir vatni í stórflóðum.

Samkvæmt þessu reikningslagi koma tæp 4% framleiðslueininga til úthlutunar eftir hólum í ánni og bætast þá við jarðirnar sem eiga stóra hólma í ánni. Samkvæmt þessu fá eftirtaldir jarðir þennan hlut: Saurar 0,45%, Stóri-Ós og Syðsti-Ós 0,43%, Neðri Torfustaðir 0,36%, Brekkulækur 1,18%, Staðarbakki 0,69%, Barð 0,69%.

Mörk svæða í aðalám

Við útreikninga er stuðst við búsvæðamat á fiskgengum hlutum meginánna. Í Austurá við Valsfoss í Austurárdal, í Núpsá við Efri-Fosskotsfoss í Núpsdal, í Vesturá við fossinn Rjúkanda í Vesturárdal og í Miðfjarðará við stórstraumsfjöru fyrir löndum Litla-Óss og Sands.

Þverár sem renna í aðalárnar

Til viðbótar við aðalárnar; Vesturá, Núpsá, Austurá og Miðfjarðará eru fiskgengir hlutar Urriðaár og Svertingsstaðaár/Steinstaðaár meðtaldir í útreikningum á jarðargildum. Í þær hliðarár ganga ekki einungis laxaseiði til uppeldis, heldur er þar einnig regluleg náttúruleg hrygning laxa og þær því hluti af hrygningarsvæðum laxa á vatnasvæðinu. Ekki hefur verið staðfest hrygning laxa í fleiri hliðarám eða lækjum. Laxaseiði ganga hinsvegar um lengri eða skemmri veg uppí læki og hliðarár víða á vatnasvæðinu og alast þar upp. Í fæstum tilvikum er til botnmat af þessu stöðum.

Miðað við útreikninga á heildargildum koma tæp 1% af heildinni frá þessum tveimur þverám og leggjast því við þessar jarðir. Urriðaá tilheyrir Syðri-Urriðaá og Ytra-Bjargi 0,21% á hvora jörð. Svertingsstaðaá/Steinstaðaá tilheyrir Sandi og Barði 0,27% á hvora jörð.

Tafla 1. Hlutfallsleg skipting framleiðslueininga milli jarða

Jörð	Hluttur %
Litli Ós	0,294
Syðsti Ós - Stóri Ós	1,928
Saurar	1,352
Ytri Reykir - Syðri Reykir	3,143
Efri Torfustaðir	0,451
Neðri Torfustaðir	1,877
Ytri Urriðaaá - Syðri Urriðaaá	1,051
Bjarg - Ytra Bjarg	3,316
Bjargshóll	1,399
Uppsalið	1,283
Litli Bakki	1,835
Barkarstaðaskógur	1,403
Barkarstaðir	1,900
Skárastaðir	3,783
Aðalból	3,395
Aðalbreið	0,772
Aðalbólsheiði	0,210
Bjargarstaðir	3,999
Hnausakot	2,215
Núpsdalstunga	4,856
Neðri Núpur	2,666
Efri Núpur	2,418
Þverá	1,762
Fosskot	1,790
Torfastaðir	0,892
Haugur	0,846
Litli Hvammur	3,284
Grundarás - Litla Tunga	3,135
Giljalund	0,830
Skeggjastaðir	2,436
Dalgerisstaðir	4,581
Lækjabær	4,802
Húksheiði	0,734
Húkur	8,377
Kollafoss - Fosshóll	3,015
Huppahlíð	1,003
Brekkulækur	4,129
Króksstaðir	2,954
Staðarbakki	2,498
Melstaður	3,425
Barð	1,927
Sandar	2,034
Alls	100,000

Viðaukur

Tölur til útreikninga

Tafla 2. Bakkalengd hólma í Miðfjarðará

Nr	Jörð	Hólmi	Bakkalengd
2.	Stóri-Ós og Syðsti-Ós	Langhólmi	482
2.	Stóri-Ós og Syðsti-Ós	Óshólmi	1234
2.	Stóri-Ós og Syðsti-Ós	Litlihólmi	359
2.	Stóri-Ós og Syðsti-Ós	Nautavað	185
2.	Stóri-Ós og Syðsti-Ós	Eyri norðan Litlahólma	81
3.	Saurar	Pontueyri	248
3.	Saurar	Ponta	585
3.	Saurar	Vestureyri	1588
6.	Neðri-Torfustaðir	N-Torfust., hólmi 1	1188
6.	Neðri-Torfustaðir	N-Torfust., hólmi 2	804
43.	Brekkulækur	Tangi	2163
43.	Brekkulækur	Réttarhólmi	4279
46.	Staðarbakki	Langhólmi	1246
46.	Staðarbakki	Eldhúshólmi	1537
46.	Staðarbakki	Vesturhólmi	969
50.	Barð	Stórhólmi	2560
50.	Barð	Sandhólmi	652
50.	Barð	Eyri milli Sandh og Stórhólma	506

Tafla 3. Hnit merkja milli jarða/jarðarluta og bakkalengd

Nr	Jörð/jarðarluti	Hnit nr	GPS hnit (Ísnet93)	Hnit nr	GPS hnit (Ísnet93)	Bakkalengd
1.	Litli Ós	150	411053,31-540965,03	167	411004,11-541336,79	408
2.	Syðsti Ós - Stóri Ós	150	411053,31-540965,03	151	411376,15-539181,09	1954
3.	Saurar	151	411376,15-539181,09	155	411646,80-538063,59	1230
4.	Ytri Reykir - Syðri Reykir	154	412565,,45-535575,30	155	411646,80-538063,59	3445
5.	Efri Torfustaðir	152	413302,35-534590,35	153	413361,60-534161,81	494
6.	Neðri Torfustaðir	152	413302,35-534590,35	154	412565,,45-535575,30	1299
7.	Ytri Urriðaa - Syðri Urriðaa	153	413361,60-534161,81	163	413860,70-532959,54	1536
8.	Bjarg - Ytra Bjarg	162	414581,70-529292,05	163	413860,70-532959,54	4189
9.	Bjargshóll Austurá	161	414898,72-527661,81	198	414812,50-527965,60	332
10.	Bjargshóll Miðfjarðará	198	414812,50-527965,60	162	414581,70-529292,05	1604
11.	Uppsalið	160	415383,65-526574-60	161	414898,72-527661,81	1358
12.	Litli Bakki	160	415383,65-526574-60	186	416038,66-524955,83	1942
13.	Barkarstaðaskógur	179	416656,14-523121,93	185	419665,78-521138,97	4364
14.	Barkarstaðir	179	416656,14-523121,93	186	416038,66-524955,83	2179
15.	Skárastaðir	184	421685,53-516584,52	185	419665,78-521138,97	5748
16.	Aðalból	184	421685,53-516584,52	182	423518,94-512489,08	5032
17.	Aðalbreið	182	423518,94-512489,08	180	424552,76-511198,39	2272
18.	Aðalbólsheiði	180	424552,76-511198,39	181	423862,54-511294,70	783
19.	Bjargarstaðir	181	423862,54-511294,70	183	421579,85-516646,97	6538
20.	Hnausakot	183	421579,85-516646,97	158	420665,47-519408,33	3283
21.	Núpsdalstunga Austurá	158	420665,47-519408,33	201	416325,59-523519,87	7288
22.	Núpsdalstunga Núpsá	201	416325,59-523519,87	159	417819,94-518535,04	5892
23.	Neðri Núpur vestan	171	417989,51-516428,95	174	417801,59-518508,23	3085
24.	Neðri Núpur austan	172	417972,48-516428,73	159	417819,94-518535,04	2653
25.	Efri Núpur vestan	169	418204,90-512712,71	171	417989,51-516428,95	5097
26.	Efri Núpur austan	170	418313,38-512711,12	172	417972,48-516428,73	5553
27.	Þverá	168	418755,31-508069,54	170	418313,38-512711,12	5410
28.	Fosskot	168	418755,31-508069,54	169	418204,90-512712,71	5486
29.	Torfustaðir	174	417801,59-518508,23	175	417082,49-520482,65	2524
30.	Haugur	175	417082,49-520482,65	176	416296,42-523521,68	3458
31.	Litli Hvammur	176	416296,42-523521,68	173	415355,42-526528,24	3476
32.	Grundarás-Litla Tunga í Austu	173	415355,42-526528,24	200	414559,51-528192,52	2082
33.	Grundarás - Litla Tunga	202	414515,90-528461,20	191	412711,23-525753,94	4255
34.	Giljaland	191	412711,23-525753,94	192	412368,44-522947,68	3158
35.	Skeggjastaðir	192	412368,44-522947,68	193	411379,78-519254,98	4358
36.	Dalgerisstaðir	193	411379,78-519254,98	189	411766,10-513534,14	6868
37.	Lækjabær	189	411766,10-513534,14	187	413909,91-307288,04	8948
38.	Húksheiði	187	413909,91-307288,04	188	412197,10-507833,61	2394
39.	Húkur	188	412197,10-507833,61	190	411071,02-519068,00	13056
40.	Kollafoss - Fosshóll	157	412641,03-524343,54	190	411071,02-519068,00	6384
41.	Huppahlíð	156	413041,24-527402,48	157	412641,03-524343,54	3569
42.	Brekkulækur Vesturá	156	413041,24-527402,48	199	414514,09-528505,43	2414
43.	Brekkulækur Miðfjarðará	199	414514,09-528505,43	164	414050,90-530251,68	2176
44.	Brekkulækur Austurá	200	414559,51-528192,52	202	414515,90-528461,20	287
45.	Króksstaðir	164	414050,90-530251,68	178	413473,18-533161,06	3501
46.	Staðarbakki	203	413136,88-534543,87	178	413381,18-533134,06	1628
47.	Staðarbakki 50%	177	412434,14-535352,59	203	413136,88-534543,87	599
48.	Neðri Torfustaðir 50%	177	412434,14-535352,59	203	413136,88-534543,87	599
49.	Melstaður	166	411493,39-538234,86	177	412434,14-535352,59	3751
50.	Barð	165	410695,85-538999,76	166	411493,39-538234,86	1412
51.	Sandar	167	411004,11-541336,79	165	410695,85-538999,76	2592

Tafla 4 (fyrri hluti). Útreikningar á jarðargildum fyrir hverja jörð/jarðarpart

Bakka- lengd	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Frameiðslugildi til útreikninga bakkal framgigi breidd hlutur	Flutur af heild %
408	408 11,5 103 0,5									0,29
1954	431 23,2 65,3 0,5	1523 11,5 103 0,5								1,49
2 Syðsti Ós - Stóri Ós	482 23,2 65,3 0,1	1234 23,2 65,3 0,1	359 23,2 65,3 0,1	185 23,2 65,3 0,1	81 23,2 65,3 0,1					0,43
3 Saurar	599 23,2 65,3 0,5	631 23,2 65,3 0,3								0,90
3 Saurar hólmar	248 23,2 65,3 0,1	585 23,2 65,3 0,1								0,45
4 Ytri Reykir - Syðri Reykir	3445 30,5 49 0,5									3,14
5 Efri Torfustaðir	494 30,5 49 0,5									0,45
6 Neðri Torfustaðir	1299 30,5 49 0,5									1,19
6 Neðri Torfustaðir hólmar	1188 30,5 49 0,1	804 30,5 49 0,1								0,36
7 Ytri Urriðaaá-Syðri Urriðaaá	1536 30,5 49 0,3									0,84
7 Ytri Urriðaaá-Syðri Urriðaaá í Urriðaaá	1202 785 29,2 8,3 0,5	417 38,7 9,5 0,5								0,21
8 Bjarg - Ytra Bjarg	4189 2230 30,5 49 0,5	1706 30,5 49 0,3	253 30,5 49 0,3							3,11
8 Bjarg - Ytra Bjarg í Urriðaaá	1198 790 29,2 8,3 0,5	408 38,7 9,5 0,5								0,21
9 Bjargshóll Austurá	332 332 36,5 42,4 0,5									0,31
10 Bjargshóll Miðjarðará	1604 522 36,5 42,4 0,5	1082 30,5 49 0,3								1,09
11 Uppsáir	1358 1358 36,5 42,4 0,5									1,28
12 Líti Bakki	1942 1942 36,5 42,4 0,5									1,83
13 Barkarstaðaskógur	4364 3635 33,3 18,6 0,5	729 11,5 5,5 0,5								1,40
14 Barkarstaðir	2179 529 39,3 26,9 0,5	1650 36,5 42,4 0,5								1,90
15 Skárastaðir	5748 4982 43,5 26,4 0,5	766 33,3 18,6 0,5								3,78
16 Aðalból	5032 5032 43,5 25,4 0,5									3,39
17 Aðalbreið	2272 1872 23,5 18,7 0,5	400 43,5 25,4 0,5								0,77
18 Aðalbláshéið	783 783 23,5 18,7 0,5									0,21
19 Bjargarstaðir	6538 1013 23,5 18,7 0,5	5525 43,5 25,4 0,5								4,00
20 Hnaukakot	3283 3283 43,5 25,4 0,5									2,21
21 Nýpsstaðstunga Austurá	7288 1625 43,5 25,4 0,5	4386 33,3 18,6 0,5	718 11,5 5,5 0,5	559 39,3 26,9 0,5						3,14
22 Nýpsstaðstunga Nýpsá	5892 540 37,2 15,3 0,5	1085 39,5 16,9 0,5	256 21,4 14,1 0,5	1408 29,8 18,4 0,5	1777 11,4 16,2 0,5	826 35,7 20,2 0,5				1,71
23 Neðri Núpur vestan	3085 132 16,1 15,6 0,5	2702 38,2 20,8 0,5	251 37,2 15,3 0,5							1,42
24 Neðri Núpur austan	2653 2371 38,2 20,8 0,5	282 37,2 15,3 0,5								1,25
25 Efri Núpur vestan	5097 212 30,5 19,5 0,5	4640 22,9 15,4 0,5	247 16,1 15,6 0,5							1,11
26 Efri Núpur austan	5553 296 30,5 19,5 0,5	4568 22,9 15,4 0,5	363 16,1 15,6 0,5	326 38,2 20,8 0,5						1,30

*Frameiðslugildi til útreikninga. Tölur notaðar úr skýrslu Veðimálasbúnaðar. Hver jörð getur lent inn á mörgum svæðum með mismunandi frameiðslugildi. Dálkar með tölum til útreikninga þv í mismargir eftir jörðum.

bakkal: Bakkalengd jarðar/jarðarparts þar sem er sama frameiðslugildi. framgig: Frameiðslugildi á viðkomandi svæði. breidd: Breidd ár á viðkomandi svæði.

hlutur: Hlutur jarðar/jarðarhluta í á. 0,5=jörð/jarðarhluti á að lágmarki í miðja á. Líka þær jarðir/jarðarhlutar sem eiga hólma og beattí þá séútreikningar fyrir hólma við. 0,3= hólmasvæði, jörð/jarðarhluti á ekki hólma í ánni, 0,1= hólmi

Tafla 4 (seinni hluti). Útreikningar á jarðargildum fyrir hverja jörð/jarðarpart

Nr	Jörð / Jarðarpartur	Bakka- lengd	Frameiðslugildi til útreikninga		Frameiðslugildi til útreikninga		Frameiðslugildi til útreikninga		Frameiðslugildi til útreikninga		Frameiðslugildi til útreikninga		Frameiðslugildi til útreikninga		Hlutf af heild %				
			bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur	bakkal framgi breidd hlutur					
27	Pverá	5410	2441	41	14,3	0,5	830	32,8	15,3	0,5	498	12,5	10,1	0,5	1641	30,5	19,5	0,5	1,76
28	Foskot	5486	2446	41	14,3	0,5	826	32,8	15,3	0,5	500	12,5	10,1	0,5	1714	30,5	19,5	0,5	1,79
29	Torfastaðir	2524	573	37,2	15,3	0,5	1098	39,5	16,9	0,5	264	21,4	14,1	0,5	589	29,8	18,4	0,5	0,89
30	Haugur	3458	825	29,8	18,4	0,5	1801	11,4	16,2	0,5	832	35,7	20,2	0,5					0,85
31	Litli Hvammur	3476	3476	36,5	42,4	0,5													3,28
32	Grundarás-Litla Tunga í Austurá	2082	2082	36,5	42,4	0,5					600	39,2	21,9	0,5					1,97
33	Grundarás-Litla Tunga	4255	976	23,7	21,5	0,5	2679	15,2	22,1	0,5									1,17
34	Giljaland	3158	1154	18,4	15,9	0,5	2004	23,7	21,5	0,5									0,83
35	Skeggjastaðir	4358	2704	30,6	32,5	0,5	1654	28,5	27,6	0,5									2,44
36	Dalgeririrastaðir	6868	5321	38	29,5	0,5	1545	30,6	32,5	0,5									4,58
37	Lækjábær	8948	1638	18,7	18,6	0,5	3510	30,8	28,7	0,5	230	18,5	15	0,5	2865	38,4	32,2	0,5	4,80
38	Húksheiði	2394	1705	18,7	18,6	0,5	689	30,8	28,7	0,5									0,73
39	Húkur	13056	2835	30,8	28,7	0,5	250	18,5	15	0,5	2835	38,4	32,2	0,5	456	28,5	23,2	0,5	8,38
40	Kollafoss - Fosshóll	6384	3053	30,6	32,5	0,5	1670	28,5	27,6	0,5	1188	18,4	15,9	0,5	473	23,7	21,5	0,5	3,02
41	Huppahlöð	3569	2553	23,7	21,5	0,5	1016	15,2	22,1	0,5									1,00
42	Brekklækur Vesturá	2414	1781	15,2	22,1	0,5	633	39,2	21,9	0,5									0,70
43	Brekklækur Miðfarðará	2176	2176	30,5	49	0,5													1,99
43	Brekklækur Miðfarðará hólmar		2163	30,5	49	0,1	4279	30,5	49	0,1									1,18
44	Brekklækur Austurá	287	287	36,5	42,4	0,5													0,27
45	Króksstaðir	3501	2843	30,5	49	0,5	658	30,5	49	0,3									2,95
46	Sæðarbakki	1628	1628	30,5	49	0,5													1,49
46	Sæðarbakki hólmar		1246	30,5	49	0,1	1537	30,5	49	0,1	969	30,5	49	0,1					0,68
47	Sæðarbakki 50%	599	599	30,5	49	0,3													0,33
48	Neðri Torfastaðir 50%	599	599	30,5	49	0,3													0,33
49	Melstaður	3751	3520	30,5	49	0,5	231	23,2	65,3	0,5									3,43
50	Barð	1412	914	23,2	65,3	0,3	498	23,2	65,3	0,5									0,97
50	Barð hólmar		2560	23,2	65,3	0,1	652	23,2	65,3	0,1	506	23,2	65,3	0,1					0,69
50	Barð í Sveringsstaðaa	2087	230	5,7	8,9	0,5	114	33,1	10,9	0,5	293	14,5	7,7	0,5	377	34,5	11,1	0,5	0,27
51	Sandar	2592	691	23,2	65,3	0,3	1901	11,5	103	0,5									1,75
51	Sandar í Sveringsstaðaa	2174	229	5,7	8,9	0,5	136	33,1	10,9	0,5	303	14,5	7,7	0,5	369	34,5	11,1	0,5	0,27

*Frameiðslugildi til útreikninga. Tölur notaðar úr skýrslu Veiðimálasöfnunar. Hver jörð getur lent inn á mörgum svæðum með mismunandi frameiðslugildi. Dálkar með tölum til útreikninga því mismargir eðlir jörðum.

bakkal: Bakkalengd jarðar/jarðarparts þar sem er sama frameiðslugildi. framlig: Frameiðslugildi á viðkomandi svæði. breidd: Breidd ár á viðkomandi svæði.

hlutur: Hlutfurð jarðarhluta í a. 0,5=jörð/jarðarhluti á að lágmarki í miðja á. Líka þær jarðir/jarðarhlutar sem eiga hólma og bæstir þá séu útreikningar fyrir hólma við, 0,3= hólmasvæði, jörð/jarðarhluti á ekki hólma í ánni, 0,1= hólmi